

11. STJÓRNARFUNDUR FÍN 2022-2023

16. JANÚAR 2023, KL. 11:15 – 12:45 STAÐFUNDUR/FJARFUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Benóný Jónsson, Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Björg Helgadóttir, Bragi Bergsson, Kristín Hermannsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestur fundarins: Runólfur Vigfússon og Orri Þrastarson

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:19.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar frá 12. desember 2022

Afgreiðsla: Samþykkt.


2. Nýir félagsmenn og fjöldi úrsagna

a) 11 einstaklingar sóttu um fulla aðild að FÍN.

Afgreiðsla: Samþykkt.

b) Fjöldi umsókna og fjöldi úrsagna á almanaksárinu 2022.

- 147 sóttu um fulla aðild
- 9 sóttu um nemaðild
- engar úrsagnir voru á árinu



3. Beiðnir um greiðslu lögfræðikostnaðar

- a) Mál sem fjallað var um á 9. stjórnarfundum þann 3. október 2022.

RV kynnti.

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

- b) Mál sem fjallað var um á 10. stjórnarfundum 12. desember 2022 er lokið þar sem samkomulag náðist á milli aðila.

4. Enskumælandi trúnaðarmenn

ÞH vék af fundi.

Enskumælandi einstaklingur hefur sóst eftir að verða trúnaðarmaður FÍN. Flest gögn trúnaðarmanna, kjarasamningar, lög og reglugerðir og heimasíða félagsins eru á íslensku og því yrði að gera þá kröfu að viðkomandi geti a.m.k. lesið sér til gagns á íslensku.

Umræður um nauðsyn þess að efni og heimasíður séu aðgengilegar á öðru tungumáli en íslensku.

Afgreiðsla: Stjórn FÍN er tilbúin til að taka á móti enskumælandi trúnaðarmönnum svo fremi sem viðkomandi geti lesið sér til gagns á íslensku. Gera skal ráð fyrir fjármunum í fjárhagsáætlun til að þýða kjarasamninga og skoða hvaða möguleika félagið hefur til að t.d. halda námskeið fyrir enskumælandi trúnaðarmenn.

5. Kjarasamningsviðræður

Umræða um stöðu kjarasamningsviðræðna. Fyrsti viðræðufundur BHM og ríkisins fór fram sl. föstudag, 13. janúar 2023, þar sem lögð var fram viðræðuáætlun. Næsti fundur er á dagskrá miðvikudag 18. janúar nk.

Fyrirspurn um kröfugerð FÍN á almenna markaðinum. ÖP falið að kalla saman þá stjórnarmenn á almenna markaðinum og leggja drög að kröfugerð FÍN.

6. Þóknunareiningar

Lagðar voru fram breytingar á reglum BHM vegna greiðslu þóknunareininga og nógildandi reglur FÍN og stjórnarmenn beðnir um að skoða hvort þeir telji að uppfæra þurfi reglur FÍN. Jafnframt eru stjórnarmenn beðnir um að skoða exel-skjal yfir greiddar þóknunareiningar og hvort síðasta útgreiðsla hafi verið í samræmi við nefndar reglur og koma með athugasemdir á næsta fundi ef einhverjar eru.

7. Önnur mál

- a) Næsti fundur 6. febrúar 2023, en aukafundur boðaður verði ástæða til þess.
- b) Umræða um innleiðingu starfsmats hjá Reykjavíkurborg.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:54